

I.tbl.

10. jan. 2024

31 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Frá Félagi eldri borgara í Þingeyjarsveit.

Aðalfundur félagsins verður haldinn á Narfastöðum
mánudaginn 6. maí klukkan 14.

Venjuleg aðalfundarstörf og kaffiveitingar.

Stjórnin.

*Allur ágroði rennur til
útskriftarhóps Framhaldsskólans
á Laugum
*Vöflusala og sjoppa á staðnum
(posi á staðnum)

VOR - BINGÓ

1. maí klukkan 14:00
í Breiðumýri

Húsið opnar 13:30

*1 spjald á 1.000kr.

*6 spjald á 6.000kr.

STUÐNINGSADILAR



Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftir starfsfólki.

Viltu vinna í skemmtilegu umhverfi, með frábærum nemendum og með góðu samstarfsfólki? Ef svo er ættir þú að íhuga starf í Þingeyjarskóla.

Við viljum fá til liðs við okkur:

Leikskólakennara/leikskólastarfsmann í 100% starf við leikskóladeildina Barnaborg á Hafralæk frá og með 1. ágúst.

Leikskólakennara/leikskólastarfsmann í 60-80% starf við leikskóladeildina Krílabæ á Laugum frá og með 1. ágúst.

Stuðningsfulltrúa í 80 – 100% starf við leikskóladeildina Barnaborg frá og með 1. ágúst.

Stuðningsfulltrúa í 80 – 90% starf við grunnskóladeild.

Skólaliða í 80-100% starf frá og með 15. ágúst.

Afleysingastarfsfólk.

Við leitum að starfsfólki sem:

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Er lausnamiðað
- Er sveigjanlegt og með góða samskiptahæfni
- Er sjálfstætt í vinnubrögðum og sýnir/býr yfir frumkvæði
- Hefur metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Ber virðingu fyrir börnum og hefur áhuga á að starfa með þeim

Þingeyjarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af rúmlega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakaottorð.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 15. maí 2024.

Umsóknir skulu sendast á netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

SUMARDAGURINN FYRSTI

Á LAUGUM



OPID HÚS Í ÍÞRÓTTAHÚSINU

25. APRÍL

FRÁ KL. 13.00 - 16.00

T Ó N L I S T A R A T R I Ð I
F A T A M A R K A Ð U R
V E R K E F N I N E M E N D A
H E S T A R F Y R I R B Ö R N
F R Í T T Í S U N D F Y R I R B Ö R N
K A F F I Í B O Ð I S K Ó L A N S



FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM



Þingeyjarsveit

Vilt þú vinna við fjölbreytt og skemmtilegt starf hjá nýju sveitarfélagi?

Þingeyjarsveit óskar eftir starfsmanni á framkvæmdasvið sveitarfélagsins. Um er ræða 100% starf við fjölbreytt verkefni sem snúa að mestu að viðhaldi fasteigna. Helstu verkefni eru almenn viðhalds- og þjónustuverkefni tengd fasteignum sveitarfélagsins og umhverfi þeirra ásamt ýmsum verklegum framkvæmdum sem falla undir áhaldahús sveitarfélagsins.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Lönnmenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Geta til að vinna í teymi
- Ökuréttindi eru skilyrði
- Vinnuvélaréttindi eru æskileg
- Aukin ökuréttindi eru kostur
- Íslenskukunnátta

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. september 2024 eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar gefur Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Þingeyjarsveitar í síma 512-1800 eða í tölvupósti ingimar@thingeyjarsveit.is

Umsóknarfrestur er til 20. maí og skal senda umsóknir á umsokn@thingeyjarsveit.is ásamt ferilskrá og kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Öll kyn eru hvött til þess að sækja um. Þingeyjarsveit áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Þingeyjarsveit er landmesta sveitarfélag landsins og statar af einstakri náttúrufergud og náttúruauðlindum. Sveitarfélagið er sannkölluð útivistarparadis. Atvinnulífið er öflugt með fjölbreyttum möguleikum, m.a. í ferðaþjónustu, landbúnaði og matvælaframleiðslu. Aðstaða er fyrir hendi fyrir störf án staðsetningar. Þingeyjarsveit leggur áherslu á umhverfismál og sjálfbæra nýtingu auðlinda ásamt blómlegu mannlífi.

Þingeyjarsveit er ákjósanlegur búsetukostur fyrir þá sem hjósa gott mannlíf, friðsæld í fagurri sveit með nálægð við stóra þéttbýlisstaði.